



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	3
Stefna og meginmarkið.....	4
Skipurit	4
Mannauður og innra starf	5
Starfsemin	6
Rannsóknir og þróun.....	7
Táknmálskennsla.....	9
Túlkabjónusta.....	12
Önnur þjónusta.....	17
Viðauki	19



Fylgt úr hlaði

Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður sagði upp störfum í lok árs eftir farsæl störf fyrir döff samfélag. Hún starfaði við stofnunina frá upphafi en hún byrjaði fyrst sem eini starfsmaður hennar undir árslok 1990.

Á haustönninni var gerður samningur við Reykjanesbæ um skólaþjónustu fyrir tvo döff nemendur til tveggja ára. Þetta var áskorun fyrir starfsfólkið þar sem auk kennslu þeirra var jafnhliða útbúin einstaklingsmiðuð námskrá og námsefni fyrir þá, þar sem námsefni fyrir táknmálstalandi börn er af skornum skammti. Kennslan skiptist niður á nokkra starfsmenn og mikill undirbúningur og námsefnisgerð fylgdi og mun áfram fylgja þessu verkefni.

Samskiptamiðstöð vann að þýðingu og þróun námsefnis á íslensku táknmáli fyrir Menntamálastofnun. Námsefni á íslensku táknmáli er nú fastur liður í útgáfuáætlun Menntamálastofnunar.

Samskiptamiðstöð stofnaði til samstarfs við Dr. Helena Koulidobrova vegna málþroskaprófana á börnum. Verkefnið var kynnt á fundum og ráðstefnum bæði héraðs og erlendis á árinu.

Gott samstarf var við Háskóla Íslands eins og undanfarin ár. Starfsmenn Samskiptamiðstöðvar sáu um kennslu námskeiða og fluttu fyrirlestra í námskeiðum bæði í hug- og menntavísindasviði.

Á árinu voru túlkaðar 8110 stundir sem eru 1603 tímum minna en á árinu 2017. Eftirspurn eftir túlkaþjónustu í skólum hefur minnkað enn meira. Það er ljóst að þörf á túlkun í atvinnulífinu er mikil og eftirspurn eftir túlkun hefur aukst verulega utan hefðbundins dagvinnutíma. Einnig hefur komið fram skýr krafa frá döff samfélagi um rýmri opnunartíma á myndsímatúlkun.

Ákveðið var í samvinnu við starfsfólk Menntamálaráðuneytisins að setja af stað vinnu við lagabreytingu og að málstefna ÍTM yrði unnin samhliða. Sú vinna fór af stað í samstarfi Valgerðar og starfsmanna ráðuneytisins en undir lok árs fengust þær upplýsingar úr ráðuneytinu að ákveðið hefði verið að skoða þessi mál með nýjum forstöðumanni.

Við árslok 2018 störfuðu 30 manns hjá Samskiptamiðstöð í 25,3 stöðugildum. Veikindi voru mikil eins og árinu á undan, bæði skamm- og langtímaveikindi.




Stefna og meginmarkið

Meginhlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að því að fólk sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta geti sótt þjónustu, sem veitt er í þjóðfélaginu, á grundvelli íslensks táknmáls. Þetta gerir stofnunin með rannsóknnum á íslensku táknmáli, kennslu íslensks táknmáls, námsefnisgerð á íslensku táknmáli, framleiðslu menningarefnis á íslensku táknmáli og túlkajónustu á milli íslensks táknmáls og íslensku.

Samskiptamiðstöð er málstöð íslenska táknmálsins. Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýttast þeim sem nota íslenskt táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem döff, heyrnarskertum og daufblindum og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum. Samskiptamiðstöð hefur forystu í sérhæfðri þjónustu sem stuðlar að þátttöku fólks sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta. Á Samskiptamiðstöð er sköpuð ný þekking á starfssviði stofnunarinnar, þekkingu er safnað, hún er þróuð og henni er miðlað.

Skipurit

Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og sviðsstjóri táknmálssviðs mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Deildarstjóri túlkajónustu stýrir miðlun túlkajónustu og verkefnisstjórar úr hópi starfsmanna stýra einstökum verkefnum.





Mannauður og innra starf

Uldis Ozols tákn málskennari fór til Ál í Noregi en vera hans þar var hluti af norrænum starfsmannaskiptum á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í Noregi öðlaðist Uldis þekkingu á sviði tákn málskennslu sem nýtist í starfi hans á tákn máls sviði.

Kristín Lena sviðsstjóri tákn máls sviðs var í barneignarleyfi stærstan hluta ársins 2018 og Árný tákn málstúlkur sinnti hennar starfi á meðan. Sara Snorradóttir og Þóra Lind Þórsdóttir tákn málstúlkur voru í fæðingarorlofi hluta af árinu. Arturas Kuklis tæk nimaður og Guðrún Eygló Bergþórsdóttir tákn málstúlkur luku störfum á árinu. Starfsfólk var fært úr túlkabjónustu yfir á tákn máls svið í önnur lögbundin hlutverk stofnunarinnar, m.a. vegna minni eftirspurnar eftir túlkun á dagvinnutíma.

Veikindi voru mikil eins og árinu á undan og samtals voru veikindadagar 744 á árinu, bæði skamm- og langtímaveikindi. Átta starfsmenn glímdu við langtímaveikindi á árinu og hafði það veruleg áhrif á starfsemina.

Nýir stofnanasamningar við stéttarfélögin BHM og SFR voru undirritaðir.

Undirbúningur hófst við að innleiða Vinnustund en það er kerfi sem heldur utan um vinnutíma starfsfólks, orlof, veikindi og slíkt. Kerfið er hluti af Oracle bókhaldskerfi Ríkisins.

Vinna hófst við söfnun og skráningu verkferla fyrir gæðahandbók Samskiptamiðstöðvar.

Viljayfirlýsing var undirrituð ásamt fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Útbúin var eineltisáætlun fyrir stofnunina og fengnir sérfræðingar til að meta og mæla vinnustaðinn og gefa ráð. Samskiptasamningur starfsfólks var undirritaður og er hann hafður til hliðsjónar í daglegum samskiptum. Verkefnið var styrkt af stéttarfélagunum BHM og SFR.

Anna Dagmar Daníelsdóttir hóf útgáfu innanhússblaðsins *Samsó - hvað er að fréttu?* og það liður í því að skapa liðsheild og góðan starfsanda.

Um mitt árið var Dr. Joni Oyserman frá Hollandi fengin til að vera með vinnustofu. Hún leiddi tákn málskennara í gegnum stoðir CEFR – samevrópska tungumálarammans fyrir tákn máll, sýndi hvernig hann er notaður til að móta kennsluáætlanir og til að vinna saman í þeim ótrúlega ólíku verkefnum sem stofnunin hefur tekið að sér. Stéttarfélögin BHM og SFR styrktu verkefnið.



Fyrsta hluta myndbandasafns Samskiptamiðstöðvar var skilað á árinu til Þjóðskjalasafns Íslands. Það voru 3010 myndbönd á rafrænu formi í vörsluútgáfu sem inniheldur varðveislueintak þeirra. Myndböndin, sem náðu yfir árin 1967-2017, eru heimild um íslenska táknmálið og þess vegna mikilvæg menningarverðmæti. Haldið var áfram að taka viðtöl við málhafa eldri en 50 ára á árinu til að skapa enn frekari menningarverðmæti og safna gögnum fyrir rannsóknir á íslensku táknmáli.

Starfsemin

Unnið er að rannsóknum á íslensku táknmáli í samvinnu við Háskóla Íslands, undir formerkjum Rannsóknastofu í táknálsfræðum, og erlenda fræðimenn. Fræðasviðin eru málfræði, máltökufraði, mannfræði, kennsla og túlkun. Þá er unnið að varðveislu íslensks táknáls og söfnun í gagnagrunn sem nýtist til rannsókna og við gerð málheildar fyrir íslenskt táknmál.

Kennsla íslensks táknáls fer fram á öllum stigum innan skólakerfisins. Innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eru kennd stök námskeið og öll færinámskeið innan táknálsfræði við Háskóla Íslands eru kennd af starfsfólki Samskiptamiðstöðvar. Einnig sér stofnunin um fræðilega kennslu í túlkanámi og verklega þjálfun túlkanema við háskólann. Þá er boðið upp á kvöldnámskeið fyrir almenning á stofnuninni, helgarnámskeið fyrir fjölskyldur döff barna og einstaklingskennslu fyrir heyrnarlaus, heyrnarskert og daufblind börn og fullorðna.

Á stofnuninni er unnið að menningarefni fyrir börn á máltökualdri, námsefnisgerð fyrir kennslu stofnunarinnar í íslensku táknmáli, ýmsum þýðingum frá íslensku yfir á íslenskt táknmál, söfnun tákna og táknasambanda í orðabók (Signwiki).

Túlkaþjónusta á milli íslensks táknáls og íslensku er veitt frá stofnuninni. Vinna túlka fer fram þar sem þjónusta samfélagsins er veitt s.s. í skólum eða á heilbrigðisstofnunum, fundum eða þar sem döff fólk sækir þjónustu eða á samskipti við fólk sem reiðir sig á íslensku til samskipta.

Þá veitir Samskiptamiðstöð þeim sem til hennar leita aðra þjónustu sem tengist samskiptum á íslensku táknmáli og stuðlar að þátttöku döff fólks í íslensku samfélagi, s.s. máltökuráðgjöf.



Rannsóknir og þróun

Meginmarkmið rannsókna er að fá betri skilning á eðli íslensks táknmáls og táknmálssamskipta, máltöku barna í gegnum íslenskt táknmál, kennsluaðferðum og námsefnisgerð á íslensku táknmáli. Unnar eru rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli, unnið að þróun prófa og greiningartækja og aðferða við kennslu táknmáls, þá er unnið að þróun námsefnis, hugbúnaðarþróun, ásamt nýsköpun á sviði túlkunar og táknmálssamskipta.

Stöðumat

Á árinu 2018 var unnið að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati á færni í íslensku táknmáli. Stöðumatið er sniðið að færni hvers barns og er byggt á niðurstöðum sem hafa fengist úr rannsókn á málþroska, fyrri stöðumötum og erlendum fyrirmyndum. Gerð voru sex stöðumöt á árinu 2018 og niðurstöðum þeirra var bætt við söfnun á niðurstöðum prófa sem nú þegar liggja fyrir.

Greinandi próf

Vinna að endurtekingarprófi setninga hélt áfram á árinu. Setningarnar voru teknar upp á íslensku táknmáli. Döff starfsmenn á Samskiptamiðstöð lögðu mat á setningarnar, sem tækar eða ótækar. Prófið var endurskoðað með tilliti til þess. Næst var haft samráð við erlenda sérfræðinga og ráðgjöf þegin. Setningunum var breytt að hluta svo hægt sé að samnýta niðurstöður sem fást líka með tvítýngisrannsókn í samstarfi við Dr. Helenu Koulidobrovu. Umræður áttu sér stað með tveimur döff málhöfum og endanlegar útgáfur voru teknar upp með óformlegum hætti.

Þróun samstarfsverkefnis Sam-mála í snemmtækri íhlutun

Undirbúningi verkefnisins Sam-mála lauk á árinu. Efni var keypt og þýtt á íslensku og snemmtæk íhlutun útfærð sem þjónustuleið fyrir fjölskyldur barna með skerta heyrn. Auk Samskiptamiðstöðvar voru Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Greiningarstöð Ríkisins, Leikskólinn Sólborg, Hlíðaskóli, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Heyrnarhjálp, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra barna og Félag heyrnarlausra aðilar að þessu verkefni. Foreldrafélagið og heilbrigðisráðuneytið styrktu verkefnið með fjárframlögum til kaupa á efni, þýðinga á því og útfærslu þjónustunnar. Þjónustan fór hins vegar ekki af stað og tilkynnti forstöðumaður Heyrnar- og talmeinastöðvar fulltrúum foreldrafélagsins það á fundi í



verkefnahópnum að ekki hafi fundist samhljómur um þjónustuna innan þeirrar stofnunar. Þar með lauk verkefninu.

Samstarf við Dr. Helenu Koulidobrovu

Samskiptamiðstöð stofnaði til samstarfs við Dr. Helenu Koulidobrova vegna málþroskaprófana á börnum. Fjögur próf voru lögð fyrir börnin í janúar 2018. Búið er að vinna úr fyrstu 40 táknum á prófinu *Hvað er þetta?* Vinna í hinum þremur prófum er mislangt á veg komin. Helen hefur kynnt verkefnið á tveimur stórum ráðstefnum í Bandaríkjunum. Hér á landi var verkefnið kynnt fyrir foreldrum barna sem tóku þátt, á málvísindakaffi Íslenska málfræðifélagsins, á Bitaboxfundi Rannsóknarstofu í annars máls fræðum og fyrir starfsmönnum Samskiptamiðstöðvar. Aðlögun erlendra málþroskaprófa var að hluta til styrkt af stéttarfélaginu BHM.

Söfnun gagna um máltöku á íslensku táknmáli

Verkefni til þriggja ára hófst þar sem gögnum er safnað um máltöku íslensks döff barns íslenskra döff foreldra. Verkefnið hófst í nóvember 2018.

Upplýst samþykki

Umfangsmikil vinna fór fram í þróun skjala um upplýst samþykki forráðamanna barna sem fara í stöðumat á færni í íslensku táknmáli. Þessi vinna fór fram í samstarfi við Persónuvernd og lögfræðing í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Daufblinda

Þrjár samskiptagreiningar voru gerðar á fullorðnum einstaklingum. Samstarf við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda hélt áfram með reglulegum fundum í teymi um þjónustu við fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Stofnanirnar unnu að gerð fræðslupakka fyrir daufblinda og notuðu hann við fræðslu á árinu.



Greinar

Tvær greinar um daufblindu undir formerkjum Rannsóknastofu í táknafræðum komu út í desember 2018:

Ivanova, N. (2018). Um sprákuþróun og höfðingisþróun hjá börnum með medfödd dövblindhet. Í Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B. (ritstjórar) *Hvís du kann se det, kan du understöte det. En bok um taktilt språk*. Stocholm: Nordens välfärdscenter.

Ivanova, N. (2018). Tankar um taktila språk. Í Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B. (ritstjórar) *Hvís du kann se det, kan du understöte det. En bok um taktilt språk*. Stocholm: Nordens välfärdscenter.

Lýsing á málþroskastigum fyrir íslenskt táknafræði

Undanfarið átta ár hefur upplýsingum verið safnað um það hvernig börn læra íslenskt táknafræði, (hvað lærir fyrst, hvað svo o.s.frv.). Árið 2018 hófst vinnsla safnaðra upplýsinga. Fyrir lok ársins lá fyrir gróf lýsing á stigum í máltöku á ÍTM. Lýsingin er gróf þar sem enn vantar upplýsingar um ákveðin aldursbil. Þetta er tilkomið vegna þess að hópur höfðingisþróunar barna er mjög lítill og erfitt reynist að safna nákvæmum upplýsingum um öll aldursstig.


Táknafræðiskennsla

Meginmarkmið kennslu íslensks táknafræðis og námsefnisgerðar er að skapa skilyrði til máltöku fyrir börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í íslensku táknafræði og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknafræðisþekkingu meðal þeirra sem nota táknafræði til daglegra samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er.

Gaman saman

Á annan tug táknafræðistalanda barna á grunnskólaaldri sóttu málörvun í Gaman saman vikulega á árinu. Þá tóku leikskólabörn einnig þátt einu sinni í mánuði.

Bókin *Íslandsbók barnanna* var þýdd á íslenskt táknmál og útbúin var spjaldtölvuútgáfa bæði á íslensku og íslensku táknmáli. Markmið verkefnins var að gera þekkingu um Ísland, íslenska náttúru og menningu aðgengilega táknmálstalandi döff börnum og auka þekkingu þeirra á uppbyggingu íslensks táknmáls og þróa táknaforða á íslensku táknmáli í tengslum við viðfangefni bókarinnar. Efni bókarinnar var nýtt strax á haustönn til kennslu í Gaman saman. Styrkir fengust frá Þróunarsjóði námsgagna og Sprotasjóði fyrir þetta verkefni.



Skjámynd af spjaldtölvuútgáfu bókarinnar *Íslandsbók barnanna*

Thorvaldsensfélagið styrkti verkefnið þriðja árið í röð með kaupum á spjaldtölvum og spilum. Þá styrkti Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra barna Gaman saman verkefnið og fjölskyldukennslu með kaupum á spilum og útileikföngum.

Kennsla fyrir fjölskyldur

Kennt var fyrsta laugardag hvers mánaðar níu sinnum á árinu frá kl 8:00-13:00. Um 30-50 fullorðnir einstaklingar mættu í hvert skiptið ásamt 15-20 börnum. Þátttakan var jöfn og góð. Kennt var frá febrúar fram í júní og frá september fram í desember.



Fullorðnum var skipt í hópa eftir getu, byrjendahóp, miðhóp og framhaldshóp. Þrír til fjórir starfsmenn sáu um barnahópinn en hann vann ýmis verkefni fyrir ólíkan aldur. Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna keypti spil og útileikföng og gaf stofnuninni til að nota á fjölskyldunámskeiðum og í Gaman saman. Foreldrafélagið styrkti einnig leiklistarnámskeið fyrir döff börn og samverustund í Spilavinum.

Um haustið var boðið upp á opin spjallkvöld fyrir fjölskyldur einu sinni í viku í tvo tíma í senn.

Heimsóknir voru reglulega til nýu fjölskyldna barna með skerta heyrn með ráðgjöf og kennslu í íslensku táknmáli, sumar fjölskyldur búa utan höfuðborgarsvæðis. Einnig var táknmáls- og snertitáknmálskennsla fyrir fullorðna einstaklinga, bæði á stofnuninni og úti á landi.

Skólaþjónusta

Táknmálskennsla tveggja nemenda í grunnskóla fór fram á Samskiptamiðstöðinni tvisvar í viku á vorönn. Á haustönninni var gerður samningur við Reykjanesbæ um skólaþjónustu fyrir sömu tvo nemendur til tveggja ára. Skólafarið skiptist niður á nokkra starfsmenn eftir fögum og voru nemendur á Samskiptamiðstöð fjóra daga í viku á frá kl: 9:00-14:00. Mikill undirbúningur og námsefnisgerð fylgdu þessu umfangsmikla verkefni þar sem námsefni sem til er hentar ekki nægilega vel. Ýmist hefur þurft að aðlaga eða útbúa námsefni frá grunni í þessu verkefni. Verkefnið hefur gengið framur vonum og samstarfið við alla tengda aðila hefur verið gott.

Almenn kvöldnámskeið

Almenn grunnnámskeið voru þrjú að vori til og tvö að hausti, kennd á kvöldin. Ekki náðist nægilegur fjöldi þátttakenda til að kenna framhaldsnámskeið á árinu.

Önnur kennsla

Kennt var við Menntaskólann við Hamrahlíð bæði á vor- og haustönn og Kvennaskólann í Reykjavík á vorönninni.

Við Háskóla Íslands var kennsla bæði á vor- og haustönn, kennd voru færninámskeið auk fyrirlestrahalds á hug- og menntavísindasviði.

Haldin voru nokkur vinnustaðanámskeið í íslensku táknmáli fyrir starfsfólk sem ýmist starfar með eða fyrir táknmálstalandi fólk.



Júlía G. Hreinsdóttir fagstjóri hefur verið að móta samevrópskan tungumálaramma CEFR fyrir táknmál. Júlía hefur sótt fundi erlendis vegna verkefnisins Pro-Sign sem Evrópska nýmálasetrið (ECML) setti af stað til að koma á viðmiðunarramma um hvernig skuli kenna táknmál en það hefur verið gert á mismunandi hátt í Evrópu. Samevrópski viðmiðunarramminn er notaður við kennslu táknmáls sem annars máls og mat á því. Því er ætlað að auka gæði táknmálskennslunnar, gera sameiginlegan grunn fyrir alla Evrópu á útfærslu námsefnis, prófa, námsmats og kennslubóka svo eitthvað sé nefnt. Notast er við mismunandi námsefni sem passa á fjölskyldunámskeiðum og við kennslu í HÍ í táknmálsfræði og táknmálstúlkun, almenn táknmálsnámskeið og í framhaldsskólum þar sem íslenskt táknmál er valgrein.

Unnin var uppfærsla á Signwiki í samvinnu við Félag heyrnarlausra í Finnlandi og forritara þar í landi. Haldið var áfram með textun á táknmálsefni sem búið er að gefa út og var því bætt inn á síðuna.

Túlkabjónusta

Á árinu voru túlkaðar 8110 stundir sem eru 1603 tímum minna en á árinu 2017. Eftirspurn eftir túlkabjónustu í skólum hefur minnkað enn meira. Það er ljóst að þörf á túlkun í atvinnulífinu er mikil og eftirspurn eftir túlkun hefur aukst verulega utan hefðbundins dagvinnutíma. Einnig hefur komið fram skýr krafa frá döff samfélagi um rýmri opnunartíma á myndsímatúlkun. Aukið fjárframlag þarf til þess að hægt sé að mæta því og/eða hækkun á gjaldskrá stofnunarinnar. Túlkabjónusta Samskiptamiðstöðvar fundaði með Félagi heyrnarlausra til að ræða þessi og önnur mál er varða túlkabjónustuna. Félagið ætlar að beita sér í að fá aukinn rétt til túlkunar og þá sérstaklega túlkun í atvinnulífinu.

Framlag í félagslega sjóðinn var 32 m.kr. eða áætlaðir 3158 túlkaðir tímar miðað við gjaldskrá. Veitt var túlkun í 3676 tíma og farið um 5.252.584 m.kr. umfram fjárveitingu. Aukafjárveiting fékkst í frá ráðuneytinu við lok árs.

Í upphafi ársins 2018 voru 14 starfandi túlkar í 12,5 stöðugildum. Í lok árs voru þeir 11 í 10 stöðugildum. Það skýrist af því að einn túlkur fór í fæðingarorlof á seinni hluta árs, annar túlkur sagði upp störfum og sá þriðji hætti störfum sem túlkur og tók að sér önnur verkefni innan stofnunarinnar.




Notendur þjónustu

Verulega hefur dregið úr eftirspurn eftir skólatúlkun. Flestar beiðnir varða nú endurgjaldslaus túlkajónusta í daglegu lífi (félagslegi sjóðurinn) og greinilega er mun meiri þörf fyrir túlkun í atvinnulífinu en hægt er að sinna. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir túlkun í atvinnulífi aukist enn á næstu árum ásamt myndsiðmatúlkun, einnig sinnir stofnunin í auknu mæli félagsstarfi og íþróttaiðkun döff barna. Flestir í hópi táknmálstalandi einstaklinga eru fæddir árið 1964 og hafa lokið formlegri skólagöngu. Þeir nýta sér því frekar endurgjaldslosa túlkun í daglegu lífi í meira mæli s.s. vegna alls kyns námskeiða, myndsiðmatúlkunar og lífstílstengdrar afþreyingar. Þá er yngra fólk sem lokið hefur námi orðið virkara á vinnumarkaði og óskar eftir túlkun til þess að geta tekið þátt í atvinnulífinu til jafns á við aðra.

Ýmis önnur verkefni voru unnin af túlkahópnum fyrir stofnunina þegar ekki lágu fyrir beiðnir um túlkun. Þetta voru til dæmis þýðingar á námsefni og bókum, skráning tákna á Signwiki sem og skráning nýrra tákna sem verða til við aukna túlkun í atvinnulífi og menntun á háskólastigi.

Sundurliðun verkefna

Túlkun skiptist eftir sviðum á eftirfarandi hátt á árinu:






Túlkun í skólum	1529,5
Framhaldsskólar	996,5
Háskóli Íslands	176
Aðrir skólar	357
Endurgjaldslaus túlkajónusta í daglegu lífi	3676
Heilbrigðistúlkun	1600
Ýmis önnur túlkun	1304,5
Samtals	8110

Endurgjaldslaus túlkajónusta í daglegu lífi

Túlkaðir voru 3676 tímar fyrir fjármagn veitt í endurgjaldslausu túlkajónustu og sést hér fyrir neðan hvernig verkefnið skiptust. Mest var túlkað í verkefnum tengdri atvinnu og félagslegri þátttöku en myndsímatúlkun er mun meira notuð en áður og oft vegna atvinnumála.



Endurgjaldslaus túlkajónusta, flokkuð eftir tegund verkefna




Myndsímatúlkun

Myndsímatúlkun er greidd af framlagi til endurgjaldslausrar túlkabjónustu. Opið var sex tíma á dag fjórum sinnum í viku og fjóra tíma á dag einu sinni í viku. Aðeins er opið virka daga.

Á árinu 2018 voru að meðaltali túlkuð 21 símtal hvern opnunardag en það er svipaður fjöldi símtala og árinu áður.

Myndsímatúlkun er lang mest notuð til þess að afla upplýsinga, vegna ýmiss konar þjónustu og viðskipta. Þá er myndsímatúlkun mikilvæg vegna heilbrigðisþjónustu og hafa mál tengd atvinnu einnig verið leyst með myndsímatúlkun.


Heilbrigðisþjónusta	803
Túlkur í tösku	19
Viðskipti og fjármál	1043
Upplýsingar og þjónusta	2515
Fjölskylda og vinir	162
Atvinna	333
Lögfræðingar	9
Textatúlkun	259
Utan opnunartíma	0
Aðrir til táknmálstandi fólks	49





Hér fyrir neðan er samtantekt af símtölum yfir mánuð á árunum 2010, 2014 og 2018. Símtölunum fer fjölgandi en opnunartíminn var lengdur eftir 2010 þannig að augljóst er að þörf er á lengri opnunartíma. Ítrekað hefur verið óskað eftir auknum opnunartíma í myndsímatúlkun. Mest eru það táknmálstalandi einstaklingar sem hringja inn en öðru fólki, sem þarf að ná tali af þeim, fer fjölgandi.

Þörf hefur skapast fyrir því að hafa tvo starfandi myndsímatúlka hluta úr degi auk þess að lengja opnunartíma.



Þróun myndsímatúlkunar, fjöldi símtala á mánuði árin 2010, 2014 og 2018

Veitt þjónusta

Túlkaðar voru 8110 klukkukstundir á árinu 2018 en ekki náðist að sinna 631 tímum. Á vorönninni náðist betri árangur í að verða við beiðnum en um haustið en þá var fleiri beiðnum hafnað. Það skýrist m.a. af fækkun túlka og miklum veikindum í hópi þeirra, vegna þess að eftirspurn eftir túlkun í skólum snarminnkaði og eftirspurn eftir túlkun á kvöldin og um helgar jókst. Verkefni sem ekki náðist að sinna voru fundir, fyrirlestrar og námskeið þar sem pantanir bárust með of skömmum fyrirvara miðað við eðli verkefnis. Einnig var um að ræða verkefni sem fóru fram á öðru tungumáli en íslensku og íslensku táknmáli, verkefni utan höfuðborgarsvæðisins og




verkefni sem krefjast tveggja eða fleiri túlka á sama tíma og var af þeim sökum ekki hægt að sinna þeim. Oft voru ofangreind verkefni einnig pöntuð með skömmum fyrirvara. Nýja vaktafyrirkomulagið, sem tekið var upp árið 2017, gerði túlkaþjónustunni kleift að mæta betur eftirspurn eftir túlkun á kvöldin og um helgar og túlkun sem pöntuð var með skömmum fyrirvara.

Þróun á veittri túlkaþjónustu

Frá árinu 2000 til 2015 fjölgaði túlkuðum tímum árlega en á síðustu tveimur árum hefur þeim fækkað umtalsvert. Myndsímatúlkun hefur hins vegar aukist verulega á milli ára og túlkar hafa ráðið sig á aðra vinnustaði til að sinna túlkun sem áður var pöntuð hjá SHH.

Ár	Tímar á ári
2000	5880
2005	5538
2010	10403
2014	11602
2015	11807
2016	11069
2017	9713
2018	8110



Túlkaðir tímar á ári frá árinu 2000 til 2018

Önnur þjónusta

Samstarfsverkefni Samskiptamiðstöðvar og Menntamálastofnunar um þýðingu á skyldubundnu námsefni fyrir grunnskóla hélt áfram á árinu. Samskiptamiðstöð sér um þýðingar og myndbandsupptökur bókanna en Menntamálastofnun sér um útgáfu þeirra. M.a. var kennslubókin *Mannslíkaminn* þýdd og tekin upp fyrir Menntamálastofnun. Fleiri námsbækur voru þýddar en þær voru allar valdar í samráði við kennara við táknmálssvið Hlíðaskóla og Menntamálastofnun.

Starfsmaður Samskiptamiðstöðvar vinnur fyrir Málnefnd um íslenskt táknmál í 20% stöðugildi sem ritari hennar.

Þýdd voru efni fyrir heimasíður ríkisstofnana eins og til dæmis fyrir Stjórnarráðið.



Stefan C. Hardonk fræðimaður við Háskóla Íslands var í samvinnu við starfsmenn Samskiptamiðstöðvar vegna rannsóknar um viðhorf innflytjenda sem eiga heyrnarlaus börn meðal annars með tilliti til aðlögunar að samfélaginu er varðar þjónustu fyrir döff börn. Hann vann einnig að rannsókn um framkvæmd samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Belgíu og ýmsum öðrum rannsóknarverkefnum í sambandi við atvinnu og fötlun. Á tímabilinu 2014-2016 hafði Stefan stöðu nýdoktors við Háskóla Íslands og er hann ábyrgðarmaður rannsóknarverkefnis um heyrnarlaus og heyrnarskert börn og unglingar á Íslandi.

Samningur við Noumena films um aðstöðu til upptöku á efni í heimildarmynd og aðstoð vegna túlkunar var undirritaður. Samskiptamiðstöð fær afrit af upptökum af viðtölum við málhafa íslensks táknmáls.

Samskiptamiðstöð leiddi vinnu við myndum samstarfshópa sem í eru aðilar frá stofnunum og sveitarfélögum sem veita börnum með skerta heyrn þjónustu. Um er að ræða vinnuhópa um málörvun og málfræði íslensks táknmáls og túlkun fyrir börn.



Viðauki

Starfsfólk við lok árs 2018

Agnes Steina Óskarsdóttir	túlkaþjónusta
Anna Dagmar Daníelsdóttir	túlkaþjónusta
Arnþrúður Jónsdóttir	táknmálssvið/túlkaþjónusta
Auður Sigurðardóttir	táknmálssvið/túlkaþjónusta
Árný Guðmundsdóttir	táknmálssvið/túlkaþjónusta
Eva Rún Guðmundsdóttir	túlkaþjónusta
Elsa Guðbjörg Björnsdóttir	táknmálssvið
Eyrún Helga Aradóttir	táknmálssvið/túlkaþjónusta
Fanney Ingólfssdóttir	skrifstofa
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir	túlkaþjónusta
Guðrún Heiða Guðmundsdóttir	túlkaþjónusta
Hólmfríður Þóroddsdóttir	táknmálssvið
Iðunn Ása Óladóttir	túlkaþjónusta
Iðunn Bjarnadóttir	túlkaþjónusta
Júlía Guðný Hreinsdóttir	táknmálssvið
Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir	túlkaþjónusta
Kristín Lena Þorvaldsdóttir	táknmálssvið
Lilja Þórhallsdóttir	táknmálssvið
Lína Hrönn Þorkeldsdóttir	túlkaþjónusta
Margrét Gígja Þórðardóttir	táknmálssvið
Nedelina Stoyanova Ivanova	táknmálssvið
Sara Snorradóttir	túlkaþjónusta
Sigrún Arna Hafsteinsdóttir	túlkaþjónusta
Svava Jóhannesdóttir	táknmálssvið
Tómas Ásgeir Evertsson	táknmálssvið
Uldis Ozols	táknmálssvið
Unnur Ósk Unnsteinsdóttir	táknmálssvið/túlkaþjónusta
Valgerður Stefánsdóttir	skrifstofa
Vilborg Friðriksdóttir	táknmálssvið
Þóra Lind Þórsdóttir	túlkaþjónusta